

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 24. nóvember 2023
Mnr. 2023040034



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - breytingar á gjaldskrá 2024 sorp

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til eftirfarandi breytingar á gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs árið 2024, sem bæjarstjórn hafði áður samþykkt 5. október 2023:

- Alls staðar verða 10 metra viðmið vegna losunar sorps frá lóðamörkum, í stað 15 m (sjá jafnframt tillögu að breytingu á samþykkt um meðhöndlun úrgangs).
- Uppsetning gjaldskrár önnur varðandi pappír og plast, enda hægt að velja um sérstaka tunnu fyrir pappír og plast, auk 240 l tunnu fyrir pappír með innra hólfi fyrir plast.
- Tekið út: 660 og 100 l ílát plast, en þjónustuaðili getur ekki losað plast úr svona stórum körum. Max 240 l.
- Gjaldskrá tvöfölduð – þ.e. annars vegar gjald miðað við að tunnur séu staðsettar á söfnunartíma hirðubíls í meira eða minna en 10 metra frá lóðamörkum.